



Aðgerðaráætlun fyrir Kirkjubæjarskóla uppfærð 17. 11.2020 í samræmi við reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, útgefin 13.nóv.2020 auk viðbótar frá 16.11.2020

Nemendur:

Engin grímuskylda né fjarlægðartakmörk fyrir á yngsta og miðstigi. Þ.e. 1.-7 b

Tveggja metra fjarlægðartakmörk í kennlustofum og matsal fyrir efsta stig.

Grímuskylda fyrir nemendur í 8.- 10. b þar sem ekki er hægt að tryggja 2ja metra fjarlægð s.s. í verknámsstofum, tölvurými, á gangi, anddyri og í námsgreinum sem kalla á mikla nánd kennara og nemenda.

- Íþróttakennsla er leyfileg hjá öllum aldurshópum. og sundkennsla hjá öllum nemendum.
- Grímuskylda kennara og stuðningsfulltrúa vegna nálægðar nemenda á miðstigi fellur niður en mælt er eindregið með að grímur verði áfram notaðar til að lágmarka hættu á smiti.
- **Nemendum verði áfram skipt upp í tvö sóttvarnahólf .:**
 - Yngsta stig 1.-4. bekkur – gamli skólagangur
 - Mið- og efsta stig 6.-10. bekkur – nýi skólagangur
 - Áfram notast við sérmerkt salerni fyrir hvern hóp.

Matar- og kaffitímar

- Yngsta stig fer í morgunhressingu kl. 9.45, hádegismat kl. 12.10, síðdegishressingu kl. 14.15
- Mið- og efsta stig fer í morgunhressingu kl. 10.00, hádegismat kl. 12.25 og síðdegishressingu kl. 14.25
- Grímuskylda nemenda í 6.-10.b í frímínútum fellur niður.
- Allir nemendur verða á svæði fyrir ofan skólann í frímínútum. Nemendur 8.-10.b þurfa ekki að nota grímur í frímínútum.

Skólaakstur:

Sömu reglur gilda og um almenningssamgöngur skv. reglugerð frá 30.10.2020 4.gr. en andlitsgrímur skal nota m.a. í almenningssamgöngum. Mælt er með að allir nemendur í skólabíl noti andlitsgrímur á meðan á ferð stendur. Gildir að sjálfsögðu einnig um skólabílstjóra.

Smitgát – nemendur**Allir:**

Handþvottur áður en farið er í matsal og eftir að inn er komið úr frímínútum. Spritta.

Efsta stig:

Forðast snertingar – halda 2ja metra fjarlægð, ef ekki mögulegt nota grímur !

Starfsmenn:**Grímuskylda fyrir alla starfsmenn – engar undantekningar**

- Ekki fleiri en 10 fullorðinir á sama svæði
- Lágmarksfjarlægð milli starfsfólks 2 metrar
- Grímuskylda ef ekki er hægt að tryggja tveggja metra fjarlægð
- Tilfærsla starfsfólks milli hópa leyfileg og mælt með grímunotkun sérstaklega þeirra starfsmanna sem fara á milli hópa.

Smitgát – starfsmenn:

Handþvottur og sprittun. Nota grímur !

Frístund / Gæsla – 1.-4. b

sömu undanþágur og eru í skóla.

Þrif og sótthreinsun skólahúsnæðis

Þrifa skal og sótthreinsa byggingar eftir hvern dag og sótthreinsa snertifleti milli hópa.

Mötuneyti:

Er heimilt að starfa samkvæmt núgildandi ákvæðum fjöldatakmarkanir og nálægðartakmarkanir.

Yngsta stig : 50 í hverju rými

Mið- og efsta stig: 25 í hverju rými

Foreldrar:

Skulu ekki koma í skólabyggingar án sérstaks leyfis. **Grímuskylda.**

Aðrir utanaðkomandi:

Komur utanaðkomandi aðila takmarkaðar sem mest og alls ekki án leyfis. **Grímuskylda.**

Ítarlegar upplýsingar fyrir foreldra og börn varðandi covid 19 er að finna á [vefsíðu embættis landlæknis](#)

Foreldrar eru hvattir til að halda börnum sínum heima ef þau eru veik og hafa samband við símaráðgjöf læknavaktar í síma 1700 eða heilsugæslu á dagvinnutíma ef þau hafa einkenni sem gætu bent til smits af kórónaveirunni.

Að sama skapi er starfsfólk beðið um að halda sig heima ef veikinda er vart. Hægt er að panta skimun fyrir covid-19 á Heilsuveru.

Aðgerðaráætlun þessi gildir frá og með 18. nóv. til og með 1. desember 2020.

Kirkjubæjarskóli á Síðu 17.nóvember 2020

Katrín Gunnarsdóttir

skólastjóri